

	Hafnarfjörðarbær
Innk:	5/2 2016
Málsnr:	1403131
Bréfal:	370



Hafnarfjörðarkaupstaðaur  
Rannveig Einarsdóttir  
Strandgötu 1  
220 Hafnarfirði

### INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

#### Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasimi: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 31. janúar 2016  
Tilv.: IRR16010186/21.19.2

Vísað er til erindis Hafnarfjörðarkaupstaðar fyrir hönd samráðshóps Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um þjónustu við fatlað fólk, dags. 6. janúar sl. Óskað er eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að framlagi vegna innra eftirlits með þjónustu við fatlað fólk sem samráðshópurinn hefur staðið að frá því á árinu 2014. Fram kemur í erindinu að um sé að raða innra eftirlit, sbr. 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 15/1992, með heimilum, hæfingarstöðvum, vinnustöðvum, starfsþjálfunarstöðvum og skammtímavistunum.

Með tilvísun til þess óskar sveitarfélagið, fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem standa að verkefinu, eftir fjárframlagi að upphæð rúmlega 4,9 m.kr. vegna breytingakostnaðar skv. c. lið 5. gr. reglugerðar nr. 631/2015 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015.

Erindið var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar 22. janúar sl.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framangreind beiðni um aðkomu sjóðsins að verkefinu yrði samþykkt að því gefnu að samráðshópurinn gæfi út greinargerð um verkefnið sem nýlast mætti öðrum sveitarfélögum við innra eftirlit málaflokkssins.

Jafnframt kemur fram í erindinu að ákveðið hefur verið að halda samstarfinu um innra eftirlit áfram á árinu 2016 og að starfsmaður hafi verið ráðinn til loka árs 2016 til að sinna eftirlitinu. Óskað er eftir áframhaldandi greiðslum vegna ársins 2016. Í ljósi þess að kostnaður vegna verkefnisins í ár liggar ekki fyrir samþykkti ráðgjafarnefndin að fresta afgreiðslu á beiðni um framlag í ár þar til upplýsingar um kostnað liggja fyrir.

Fyrir hönd ráðherra

  
Elín Pálsdóttir

  
Guðni Geir Einarsson